



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 3. janúar 2017

Niðurstöður athugunar á stöðu regluvörslu hjá Gamma Capital Management hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á stöðu regluvörslu hjá Gamma Capital Management hf. í september 2016. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort staða regluvörslu væri í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 2. kafla leiðbeinandi tilmæla nr. 5/2011 um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í desember 2016 og eru þær byggðar á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athuginin fór fram.

Fjármálaeftirlitið gerði ekki athugasemdir við stöðu regluvörslu hjá Gamma Capital Management hf. en setti fram nokkrar ábendingar um atriði sem Fjármálaeftirlitið taldi að betur mætti fara.